



Grundaskóli
Akranesi

2. bekkur



Veturinn 2020-2021

Kennarar og aðrir starfsmenn

- **Umsjón:** Katrín Valdís, Lára Dóra og Vala.
- **Aðrir kennarar:** Elísabet Jóhannesdóttir og Ragnheiður Þórðardóttir
- **Stuðningsfulltrúar:** Auður Elísabet Baldursdóttir og Petrún Sveinsdóttir
- **Stoðþjónusta:** Helena Másdóttir og Þórdís Þráinsdóttir
- **Íþróttir og sund:** Erna Sigurðardóttir, Unnar Þ. Garðarsson og Ingibjörg H. Ólafsdóttir
- **Smiðja:** Valdís Sigurvinsdóttir
- **Myndmennt:** Bryndís Siemsen
- **Textílmennt:** Eygló Gunnarsdóttir
- **Tónmennt:** Gunnar Sturla Herverarsson
- **Heimilisfræði:** Halldóra Árnadóttir.
- **Hreysti/sund:** Erna Sigurðardóttir

Lestur

Nauðsynlegt er að börnin lesi að minnsta kosti 15-20 mínútur á dag meðan verið er að ná upp lestrarfærni.

Margir eru enn svolítið fastir í að lesa 1-2 blaðsíður í hvert sinn, það er of lítið. Reynum að miða við tímann.

Niðurstöður úr lesfimi í september eru að koma inn í Weduc.

Minnum á að skrifa 2x í viku orðalistana sem eru í lestrarheftinu. Þið veljið orð og lesið upphátt og barnið skrifar.

Íslenska

- Unnið með byrjendalæsi
- Lestrarland
- Ritrún

Helstu þættir sem unnið verður með eru:

- Eintala og fleirtala
- Sérnöfn og samnöfn
- Rím
- Ritun
- Samsett orð
- Sérhljóðar og samhljóðar

Stóra bókin er stærsti einstaki þátturinn í íslenskukennslu í 2. bekk.

Stærðfræði

- **Stærðfræði**, Sproti 2a og 2b er helsta námsefnið.
- Ýmislegt aukaefni frá kennara eftir þörfum.
- Hlutbundin stærðfræði í gegnum stærðfræðistöðvar
- Áætlun fyrir Sprotu er límd inn í kápuna, við munum senda bókina heim reglulega ef þau þurfa að kíkja aðeins í hana og vinna heima.

Stóra bókin

- Stóra bókin er samþætting á íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði
- Unnið er með verkefni um
 - Líkamann
 - Fjölskylduna
 - Heimilið
 - Áhugamál
 - Skólann
 - Þau sjálf

Weduc.com

- Kennsluáætlanir fyrir námsgreinarnar
- Umsagnir fyrir verkefni
- Niðurstöður prófa
- Ástundun - mæting
- Fréttaveita
- Tilkynningar

Nauðsynlegt er að foreldrar sækja sér forritið Weduc þar sem skólinn hættir í Mentor í október og ætlar að vinna eingöngu með Weduc.

Sjá leiðbeiningar í pósti Flosa Einarssonar frá 10.september 2020.

Weduc, leyfi- veikindi nemenda

- Mun fljótlegra – mikið álag á símanum fyrst á morgnana
- Foreldrar/forráðamenn geta sótt um leyfi eða skráð veikindi barna sinna daglega inni á Weduc.
- Ef um lengra leyfi er að ræða (3 dagar eða meira) er mikilvægt að umsjónarkennari sé upplýstur og í framhaldinu þarf að sækja um leyfi og fylla út sérstakt eyðublað sem er hjá ritara á skrifstofu skólans.
- Nám nemenda í leyfum og öll sú röskun er kann að verða á því er á ábyrgð foreldra.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn - leyfi/veikindi

- Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
- Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sækji skóla. Foreldrar verða að tilkynna veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi fyrir þau gerist þess þörf. Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80 % á hverjum tíma skal umsjónarkennari gera foreldrum viðvart og ef skólasókn tekur engum breytingum eftir það fer ákveðið ferli í gang (sjá þrep á næstu glæru).
- Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Á milli þrepa fá nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum 2-3 vikur til að bæta skólasókn.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn - leyfi/veikindi

Prep 1

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn og ræðir skólasókn.

Prep 2

Umsjónarkennari skrifar formlegt bréf til foreldra/forráðamanna og vekur athygli á vandamálinu og hvetur til úrbóta.

Prep 3


Umsjónarkennari boðar foreldra til viðtals í skólanum með sér og deildarstjóra.

Prep 4

Duga ekki þessi úrræði er málinu vísað í nemendaverndarráð. Ef nemendaverndarráð telur úrræði skólans fullreynd er málinu vísað til barnaverndar.

Aðkoma að skólanum

- Við biðjum ykkur um að nota **ekki bílastæði starfsmanna** til að koma börnunum í skólann. Þar er **slysaþætta** meiri en ella.
- Ef þið veljið að aka börnunum í skólann þá biðjum við ykkur um að velja afrein (rennu) við Víkurbraut, við **inngang unglíngadeildar**. Þetta er í raun öruggasta og stysta leiðin af götunni inn í skólabygginguna.
- Börnin ganga inn um inngang unglíngadeildar, fara þar úr skóm og halda á þeim á sitt svæði. Einnig hægt að stoppa við **bílastæðin við íþróttamiðstöðina**. Börnin nota þá **gangbrautaljós** til skóla.
- Við hvetjum ykkur að sjálfsögðu til að nota **virkan ferðamáta, ganga eða hjóla í skólann**.



Það er mikilvægt að...

- Góð samvinna sé milli heimila og skóla um allt er viðkemur barninu. Góð samvinna bætir líðan barnsins og styður við árangur þess í námi.
- Að barnið upplifi jákvætt viðhorf heima hjá sér gagnvart skólanum
- Að foreldrar séu í góðu sambandi og **ræði saman** ef eitthvað kemur upp á.
- Nemendur eru langa daga í skólanum og því er hvíldin börnunum mjög mikilvæg.
- Börnin þurfa að fara snemma að sofa. Athugið að hvorki símar né tölvur séu að trufla svefninn.
- Einniger mikilvægt að börnin séu búin að borða vel í morgunmat áður en þau fara í skólann og séu ávallt nestuð.

Svefn barna

Hvenær á barnið að fara í háttinn?

Aldur	Hvenær þarf að fara á fætur?						
	06:00	06:15	06:30	06:45	07:00	07:15	07:30
5 ára	18:45	19:00	19:15	19:30	19:30	20:00	20:15
6 ára	19:00	19:15	19:30	19:30	20:00	20:15	20:30
7 ára	19:15	19:15	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45
8 ára	19:30	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00
9 ára	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15
10 ára	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30
11 ára	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30	21:45
12 ára	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30	21:45

Ýmislegt

- Símanotkun nemenda er bönnuð í skólanum
- Afmælisboð. Ef nemandi ætlar að koma með afmælisboðsmiða í skólann þá þarf að bjóða annaðhvort öllum í bekknum eða öllum í bekknum af sama kyni.

Málið er að enginn verði útundan.

- Mikilvægt er að nemendur komi með **holtt** og gott nesti í skólann. Ætlast er til að börnin drekki vatn með nestinu sínu, við hvetjum ykkur til að huga vel að því hvað þið sendið með þeim í nesti, að það gefi þeim góða næringu. Við mælum með að kíkja þessa grein um nesti <http://skagafrettir.is/2020/09/07/mikilvaegi-godrar-naeringar-fyrir-born-og-ungmenni/>

Foreldrafulltrúar

- 2 foreldrar úr hverjum bekk.
- Biðjum við foreldra sem vilja bjóða sig fram að senda okkur tölvupóst.
- Ef einhver vill halda áfram sem var í fyrra má sá hinn sami endilega líka láta okkur vita.
- Nauðsynlegt er að hafa virka foreldrafulltrúa í árganginum og biðjum við foreldra að taka jákvætt í þetta.